



## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu mánudaginn 18.05.2015 kl. 18:00

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason. Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

### Fundargerð

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fund og stýrði.

1. Umboð starfshóps knattspyrnudeildar um staðsetningu knattús á Ásgarðssvæðinu
  - Fyrir fundinn lá tillaga að ályktun aðalstjórnar
    - Tillagan var rædd innan aðalstjórnar.
    - Gerð breytingatillaga sem fól í sér að fulltrúi aðalstjórnar færi fyrir starfshópnum.
    - Breytingartillagan var samþykkt.
    - Framkvæmdastjóra var falið að senda bréf til bæjarráðs Garðabæjar með ályktun aðalstjórnar

### **Ályktun stjórnar U.M.F. Stjörnunnar**

*Aðalstjórn U.M.F. Stjörnunnar leggur áherslu á að knattús rísi í Garðabæ í samræmi við gefin loforð.*

*Aðalstjórn leggur jafnframt áherslu á að það knattús rísi á Ásgarðssvæðinu, sem er megin athafnarsvæði félagsins. Er það trú aðalstjórnar að knattús á Ásgarðssvæðinu nýtist hagsmunum Stjörnunnar og iðkendum félagsins, sem og öðrum bæjarbúum, best. Jafnframt er mikilvægt að knattúsið verði af þeirri stærð að það efli starfsemi bæði knattspyrnudeildar og annarra deilda félagsins og auki enn á þann félagsanda sem tekist hefur að byggja upp með öflugum starfi margra deilda, sem eiga það sameiginlegt að hafa hjarta starfsemi sinnar í Ásgarði.*

*Stjórnin telur mikilvægt að gætt verði að því að uppbygging íþróttamannvirkja sé hugsuð út frá þörfum iðkenda Stjörnunnar og að við töku ákvörðunar í málinu verði tryggt að sál og hjarta félagsins verði áfram í Ásgarði.*

*Til að stuðla að farsælli niðurstöðu málsins hefur aðalstjórn U.M.F. Stjörnunnar falið fulltrúum úr starfshópi barna og unglingaráðs knattspyrnudeildar Stjörnunnar, sem unnið hefur ötullega að málinu á undanförunum mánuðum, að koma að verkefninu með fulltrúa aðalstjórnar og ná fram niðurstöðu gagnvart bæjaryfirvöldum hvað varðar staðsetningu og stærð fyrirhugaðs knattúss. “*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00. Ritað J.Egils